

Mál nr. 133/2005.

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. A og

Vátryggingafélagið U h.f. v. B

Árekstur bireiðar og bifhjóls í hringtorgi á Hringbraut í Reykjavík 17.5.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.7.2005 ásamt fskj nr 1-7
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 395/05
3. Lögregluskýrslaa dags. 17.5.2005.
4. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 1.8.2005.

Málsatvik.

A sem var í kennsluakstri var ekið á ytri akrein hringtorgs við Hringbraut í Reykjavík með fyrirhugaða akstursleið austur Hringbraut og B sem er bifhjól var ekið á innri akrein hringtorgsins með hægri beygju áleiðis vestur Eiðsgranda. Árekstur varð með ökutækjunum. Ökumaður A segist hafa verið með stefnummerki til vinstri að beiðni ökukennara þegar hún ók í umrætt sinn um hringtorgið og verið á mjög lítilli ferð. Ökukennari ökumanns A ber með sama hætti og ökumaður A og segist ekki hafa orðið var við B fyrr en árekstur varð. Ökumaður B segist hafa séð A í ytri hring og séð að A snarhægði ferðina og hafi nánast staðnæmst og hafi hann þá tekið beygjuna úr hringtorginu en þá hafi A skyndilega ekið í veg fyrir hann og árekstur orðið.

Álit.

Í umrætt sinn var A í kennsluakstri ekið hægt og með stefnummerki til vinstri skv framburði ökumanns A og ökukennara hennar. B ekur til muna hraðar en A í innri hring og ætlar sér að aka út úr hringtorginu á næstu gatnamótum en það var óvarlegt miðað við þær aðstæður sem voru fyrir hendi og ber B því sök á árekstrinum. Ökumaður A gætti ekki nægjanlegrar varúðar þegar hún ætlaði sér að aka framhjá gatnamótum í ytri hring en skv. framburði hennar varð hún ekki vör við B fyrr en árekstur varð. Rétt þykir því að hvor ökumaður beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík, 16.8.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.